

arlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Ragnars Jónssonar, kr. 5.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. nóvember 1968.

Nr. 154/1968. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Vilhelm Ingólfssyni (Páll S. Pálsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Verðlagsbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eigi verður í máli þessu dæmd endurgreiðsla né upptaka ólögmæts hagnaðar, eins og kröfugerð og málsreifan að þessu leyti er háttað. Með þessari athugasemd ber að staðfesta héraðsdóminn að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Vilhelm Ingólfsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur verðlagsdóms Reykjavíkur 6. ágúst 1968.

Ár 1968, þriðjudaginn 6. ágúst, var á dómþingi verðlagsdóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni sakadómara (dómsformanni) og Eyjólfí Jónssyni skrifstofustjóra, kveðinn upp dómur í verðlagsdómsmálinu nr. 435/1968: Ákærvaldið gegn Vilhelm Ingólfssyni, sem tekið var til dóms 22. f. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 17. apríl 1968, gegn Vilhelm Ingólfssyni hárskerameistara, Reynihvammi 17, Kópavogi, fæddum 13. marz 1933 í Reykjavík, „fyrir verðlagsbrot með því að hafa frá og með laugardeginum 6. apríl 1968 selt á rakarastofu sinni að Miklubraut 68 í Reykjavík herraklippingu á kr. 80.00 í stað kr. 73.00 og aðra þjónustu of háu verði í samræmi við það, s. s. rakstur á kr. 60.00 í stað kr. 54.00. Þriðjudaginn 9. apríl seldi ákærði t. d. 25—30 klippingar á ofangreindu verði, þ. á m. á tímabilinu kl. 1100—1130 þann dag starfsmönnum verðlagsstjóra, eftirlitsmönnum Þórarni Fjeldsted og Kristjáni Theodórssyni.

Telst þetta varða við tilkynningar verðlagsstjóra nr. 12 30. október 1967 og nr. 11 5. apríl 1968, sbr. 3. gr., sbr. 20. gr. laga um verðlagsmál nr. 54 14. júní 1960, sbr. breytingu á þeim lögum nr. 72 29. nóvember 1967.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar til endurgreiðslu oftekinnar álagningar til framangreindra aðilja og upp-töku annars ólöglegs ávinnings samkvæmt 1. mgr. i. f. 20. gr. nefndra laga um verðlagsmál og 3. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Með tilkynningu nr. 12/1967, 30. október, ákvað verðlagsstjórnin, að frá 31. október 1967, er lög um verðstöðvun féllu úr gildi, skyldi fyrst um sinn óheimilt að hækka verð eða álagningu á hvers konar vörum eða þjónustu, nema leyfi verðlagsnefndar kæmi til. Tilkynning nr. 12/1967 var birt í Lögbirtingablaði, 61. tbl., 8. nóvember 1967.

Í febrúar s.l. tók Meistarafélag hárskera að beita sér fyrir því, að verkskrá félagsins yrði undanþegin verðlagsákvæðum, og ritaði verðlagsnefnd um þetta hinn 12. febrúar, 28. febrúar, 7. marz og 2. apríl. Varakrafa félagsins var sú, að leyfð yrði hækkun um 25% á ákvæðum verðskrárinnar.

Föstudaginn 5. apríl var málefni þetta tekið fyrir á fundi í

verðlagsnefnd. Var þar felld tillaga um að verða við óskum hárskera um afnám á verðlagsákvæðum, en samþykkt var að leyfa hækkun á verðskrá um 14%, þannig að klipping hækkaði úr 64 kr. í 73 kr. og aðrir liðir að sama skapi.

Hinn 9. apríl sendi verðlagsstjóri tvo starfsmanna sinna, Kristján Theodórsson og Þórarín Fjeldsted, í rakarastofu ákærða, sem er á Miklubraut 68. Létu þeir þar klippa sig, og var tekið af hvorum þeirra 80 kr. gjald fyrir.

Ákærði lýsti yfir því, er hann kom fyrir dóm hinn 10. apríl, við dómsrannsókn út af kæru verðlagsstjóra, að hann hefði frá laugardagsmorgni 6. apríl selt venjulega herraklippingu á kr. 80.00. Ákærði kannast við, að hann hafi átt tal við verðlagsstjóra föstudaginn 5. apríl síðdegis og þá fengið að vita um ákvörðun verðlagsnefndar um 14% hækkun.

Ákærði skýrir svo frá, að 2. apríl hafi verið haldinn fundur í Meistarafélagi hárskera og hafi þar verið lögð fram verðskrá, sem verðlagsnefnd hárskera hafði samið, en ákærði er formaður þeirrar nefndar. Hafi verið samþykkt að fara eftir þessari verðskrá, ef viðunandi lausn fengist ekki hjá verðlagsnefnd.

Þá segir ákærði, að föstudagskvöldið 5. apríl hafi verið haldinn fundur í meistarafélaginu og skýrt frá ákvörðun verðlagsnefndar um 14% hækkun. Hafi þarna verið samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu að selja vinnu frá næsta morgni samkvæmt verðskránni, sem samþykkt hafði verið 2. apríl.

Ákærði hefur lýst yfir því, að hann hafi ekki selt rakstur á því tímabili, er ákæra tekur til, og ekkert er heldur fram komið um það í öðrum gögnum málsins.

Af hálfu ákærða er því haldið fram, að tilkynning verðlagsstjóra frá 31. október 1967 hafi ekki næga lagastoð. Lög um heimild til verðstöðvunar hafi þá verið fallin úr gildi. Í lögum nr. 34/1960 sé verðlagsnefnd að vísu veitt heimild til að ákveða hámarksverð, m. a. á snyrtingu, en þá verði að ákveða, hvert hámarksverðið skuli vera, og svo óákveðið orðalag sem það, að fyrst um sinn skuli óheimilt að hækka verð á hvers konar þjónustu, fullnægi ekki skilyrðum 3. gr. laga nr. 54/1960. Þá er því mótmælt, að verðlagsnefnd hafi nokkru sinni gefið út tilkynningar um hámarksverð á þjónustu hárskera, sem mark sé á takandi. Loks er því haldið fram, að þótt tilkynningar 12/1967 og 11/1968 væru að formi til réttar, skorti þær efnislegan grundvöll.

Niðurstöður.

Telja verður, að verðlagsnefnd hafi samkvæmt 3. gr. laga nr. 54/1960 haft heimild til að kveða svo á hinn 30. október 1967, að óheimilt væri að hækka verð á þeirri þjónustu, sem hér er um að ræða, frá því, sem áður var, en ekki er ágreiningur um, að herraklipping var þá seld á 64 krónur. Hinn 5. apríl leyfði verðlagsnefnd hækkun að þessu leyti upp í 73 kr. Með því að selja herraklippingu eigi að síður á 80 kr. á því tímabili, er ákæra tekur til, hefur ákærði unnið til refsingar samkvæmt 20. gr. laga nr. 54/1960. Ekki er á hinn bóginn fram komið, að ákærði hafi selt rakstur á of háu verði.

Við ákvörðun refsingar verður að gæta þess, að um var að ræða samtök ákærða og annarra stéttarbræðra hans um að hækka verð á þjónustu í trássi við ákvarðanir verðlagsstjóra.

Refsing ákærða, sem aldrei hefur fyrr verið kærður fyrir lagabrot, ákveðst 10.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 12 daga fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Í máli þessu er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til „endurgreiðslu oftekinnar álagningar til framangreindra aðilja“. Af hálfu verðlagsstjóra hefur ekki verið gerð nein fébótakrafa, en hann á tilkall til þess ávinnings, sem ákærði hafði af því að klippa umrædda tvo starfsmenn hans.

Þá er krafizt upptöku „annars ólöglegs ávinnings“. Það er að vísu ljóst, að um einhvern ólögmetan ávinning hefur verið að ræða af brotum ákærða, en engin tók eru á að sannreyna þann hagnað. Er þannig ekki fært að verða við kröfu ákæruvalds um ávinningsupptöku.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar á meðal málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Vilhelm Ingólfsson, greiði 10.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 12 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.